


# OECD *Multilingual Summaries* International Migration Outlook 2015

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/migr\\_outlook-2015-en](http://10.1787/migr_outlook-2015-en)

## Horfur í alþjóðlegum fólksflutningum 2015

Útdráttur á íslensku

### Helsta þróun

Straumur innflytjenda fer vaxandi í flestum löndum OECD. Bráðabirgðagögn fyrir árið 2014 benda til þess að varanlegir fólksflutningar hafi aukist hratt í fyrsta skipti frá 2007 og hafa nú náð sömu hæðum og fyrir efnahagshrunið, en varanlegar komur til landa innan OECD náum 4,3 milljónum. Fólksflutningar í því skyni að sameina fjölskyldur voru 35% af öllum varanlegum fólksflutningnum árið 2013 en frjálsir flutningar voru 30%.

Þýskaland er að festast í sessi sem megináfangastaður innflytjenda og er nú næst á eftir Bandaríkjunum að því er varðar fjölda innflytjenda. Í heild komu jafnmargir varanlegir innflytjendur til Evrópusambandsins (ESB) frá löndum utan ESB og til Bandaríkjanna frá öllum löndum. Einn af hverjum tíu innflytjendum til landa OECD er kínverskur og 4,4% eru frá Indlandi. Rúmenía og Pólland eru í öðru og þriðja sæti með 5,5% og 5,3% heildarinnflæði til landa OECD.

Á árinu 2014 jókst fjöldi nýrra hælisleitenda í löndum OECD um 46% og voru þeir í fyrsta skiptið fleiri en 800.000 frá því snemma á tíunda áratugnum en það er næstmesti fjöldinn í 35 ár. Bráðabirgðatölur benda til þess að öðru sögulegu hámarki verði náð á árinu 2015. Helstu móttökulöndin eru Þýskaland, Bandaríkin, Tyrkland, Svíþjóð og Ítalía. Frakkland er nú í sjötta sæti og hefur fallið úr hópi þriggja efstu móttökulandanna, þar sem það var um langt skeið.

Í fjölda landa OECD hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á innflytjendalögum á nýliðnum árum til þess að bregðast við breyttu mynstri fólksflutninga og breyttu pólitísku umhverfi. Flestar breytingarnar eru í átt til takmörkunar: (i) enn er eftirspurn eftir fólki með verkþekkingu en þeir eru valdir á þrengri forsendum, (ii) fjárfestar og athafnamenn eru eftirsóttir en þeir sæta nú nánari skoðun, (iii) verið er að rýmka reglur um flutninga til þess að sameina fjölskyldur en hin almenna þróun er samt í átt til takmörkunar, (iv) nýjar ráðstafanir hafa verið samþykktar til þess að bregðast við neyðarástandinu á Miðjarðarhafssvæðinu, og (v) gripið hefur verið aðgerða til þess að efla landamæraeftirlit, hvetja til þess að fólk hverfi aftur til heimalanda sinna og vinna gegn ólöglegum ráðningum erlendra verkamanna.

Í flestum löndum hefur staða farandfólks og innfæddra á vinnumarkaði verið annað hvort stöðug eða farið batnandi síðustu árin. Hins vegar hefur borið á því í nokkrum löndum, sem enn hafa ekki náð sér eftir efnahagshrunið (Grikklandi, Ítalíu og Slóveníu), að farandfólk stendur höllum fæti. Í heildina jókst atvinnustig heldur meira hjá farandfólki en innfæddum á OECD svæðinu þótt engar marktækar breytingar hafi sést á atvinnuleysisstiginu meðal þeirra.

Þótt markvissum aðgerðum til aðlögunar sé enn víða beitt eru nokkur lönd, sem hafa langvarandi hefð fyrir móttöku innflytjenda, að reyna að flétta aðlögunarferlið inn í alla þætti efnahags- og samfélagskerfisins. Mörg lönd leggja sérstaka áherslu á að viðurkenna erlenda menntun og hæfi og á símenntun, einkum fyrir þá sem skortir undirstöðufærni.

## Alþjóðlegur hreyfanleiki heilbrigðisstarfsfólks

Í heild hefur fjöldi aðkominna lækna og hjúkrunarfræðinga sem starfa í löndum OECD aukist um 60% frá árinu 2004. Þessi þróun endurspeglar hina almennu aukningu sem orðið hefur á innflutningi til landa OECD, einkum iðnaðarmanna. Hún undirstrikar einnig hinn umtalsverða þátt innflytjenda í aukningunni á fjölda heilbrigðisstarfsmanna í löndum OECD á fyrsta áratug aldarinnar, þótt nýjustu tölur sýni að innflæðið hafi minnkað í mörgum löndum.

Asíulönd eru helstu upprunalönd aðkominna lækna og hjúkrunarfræðinga, en einnig er vaxandi hreyfanleiki milli landa OECD, ekki síst vegna vaxandi flutninga milli landa á EES-svæðinu. Mesta útfærðing er hins vegar enn frá smárikjum og eyríkjum.

Á árunum 2010/2011 svaraði fjöldi lækna og hjúkrunarfræðinga, sem flutt hafði til landa OECD frá löndum þar sem alvarlegur skortur var á heilbrigðisstarfsfólki skv. skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, til 20% af áætlaðri mannaflapörf í heimalöndum þeirra, samanborið við 9% á árunum 200/2001.

Með sívaxandi alþjóðlegum hreyfanleika námsfólks hefur fjöldi nemenda í læknisfræðigreinum sem stunda nám utan heimalandsins náð hæstu hæðum undanfarin ár. Ástæða þessa er að læknisfræðinám verður sífellt alþjóðlegra í eðli sínu, sem stafar bæði af eftirspurn í löndum sem takmarka aðgengi að heilbrigðisfræðslu og þjálfun og vaxandi framboði náms í læknaskólum í öðrum löndum. Á komandi árum má gera ráð fyrir að fjöldi alþjóðlegra útskrifta úr læknaskólum muni halda áfram að vaxa.

## Helstu niðurstöður

### *Fólksflutningar eru á uppleið og komnir á svipað stig og fyrir kreppuna*

- Heildarfjöldi fólks af erlendum uppruna í löndum OECD var 117 milljónir manna árið 2013, sem er 35 milljónum (40%) meira en árið 2000.
- Bráðabirgðatölur fyrir 2014 benda til þess að flæði varanlegra innflytjenda til OECD hafi náð 4,3 milljón komum til OECD, sem er 6% aukning frá 2013. Þá hefur orðið aukning í flestum tegundum tímabundinna fólksflutninga.
- Kína og Indland eru áfram mikilvæg upprunalönd, en Pólland og Rúmenía eru einnig áberandi vegna aukins svigrúms til flutninga innan ESB.
- Fjöldi hælisleitenda í löndum OECD náði sögulegri hæð árið 2014 og aukningin heldur áfram árið 2015.

### *Nokkur jákvæð merki varðandi stöðu innflytjenda á vinnumarkaði*

- Í heild jókst meðalvatnuleysi innflytjenda á OECD svæðinu um 1,3 prósentustig árin 2011-2014 samanborið við 0,5 prósentustig hjá innfæddum.
- Atvinnuleysisstigið breyttist ekki mikið og var að meðaltali 3,3 stigum hærra hjá fólki af erlendum uppruna en hjá innfæddum.
- Á OECD svæðinu hefur hægt á aukningu langtímatvinnuleysis hjá innflytjendum nýlega en það stendur enn í 6%.

### *Vaxandi mikilvægi flutninga heilbrigðisstarfsfólks*

- Hlutdeild lækna af erlendum uppruna í flestum löndum jókst milli áruna 2000/01 og 2010/11 úr 19,5% að meðaltali (23 lönd) í meira en 22% en hlutfall hjúkrunarfræðinga jókst úr 11% í 14,5% (22 lönd).
- Árið 2010/11 voru læknar og hjúkrunarfræðingar af erlendum uppruna sem störfuðu í löndum OECD um 5% af öllum heilbrigðisstarfsmönnum heimsins alls.
- Árið 2012/14 voru læknar og hjúkrunarfræðingar, sem menntaðir voru erlendis, 17% og 6%, hvorir um sig, af öllu heilbrigðisstarfsfólki í löndunum 26 þar sem tölur voru til um lækna og löndunum 24 þar sem tölur voru til um hjúkrunarfræðinga.
- Á árunum milli 2000/01 og 2010/11 jókst fjöldi lækna og hjúkrunarfræðinga sem fluttu til OECD landa frá löndum þar sem alvarlegur skortur var á heilbrigðisstarfsfólki um meira en 80%.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2015), *International Migration Outlook 2015*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/migr\_outlook-2015-en